

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 8. janúar 2026

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Tryggvi Eiríksson Jón Frímann Eiríksson og Páll Ægir Pétursson

Á fjarfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Heimir Karlsson, Kristinn Hólm, Vignir Traustason, Friðrik Höskuldsson og Sigurður Freyr Helgason.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

Dagskrá

1. Endurtekin beiðni félagsmanns um þáttöku í málskostnaði

ÁS gerði grein fyrir beiðni félagsmannsins og rifjaði jafnframt upp fyrri beiðni hans sem tekin var fyrir á fundi stjórnar þann 5. September 2024 og hafnað.

Félagsmaðurinn höfðaði mál á hendur Faxaflóahöfnum vegna slyss sem hann varð fyrir um borð í hafnsögu/dráttarbát árið 2023, málið snérist um að hann fékk bætur úr slysaftryggingu sjómanna samkvæmt kjarasamningi Faxaflóahafna við Félag skipstjórnarmanna ásamt bótum úr slysaftryggingu launþega.

Félagsmaðurinn taldi að Faxaflóahafnir og/eða skipstjóri hafnsögubátsins bæru sök í málinu, en ef tekist hefði að sanna það, þá hefði félagsmanninum borið bætur samkvæmt skaðabótalögum sem hefðu orðið talsvert hærri en hann fékk. Málið var dómtekið í desember sl. og tapaðist. Stjórnin var einhuga um að félagið gæti ekki opnað á að styrkja einkamál vegna fordæmis sem slíkt myndi hafa. Stjórnin samþykkti einróma að hafna beiðninni.

2. Deiliskipulag á Laugarvatni, ákvörðun um skiptingu landsins

ÁS greindi frá stöðu mála varðandi eign félagsins á Laugarvatni. Landið er um 2,5 hektarar að stærð á einu landnúmeri, á landinu eru fjögur sumarhús. Það er ekki hægt að selja einstaka bústaði eða hluta af lóðinni, öðruvísi en að skipta því upp og deiliskipuleggja landið þannig að hver bústaður fái sína afmörkuðu lóð með sínu landnúmeri. Verðmat landsins og húsanna er áætlað um 200 milljónir króna, hugsanlega hærra ef lóðunum yrði skipt niður fyrir einstaka bústaði. ÁS kynnti tvær leiðir sem Efla verkfæðistofa leggur til, annars vegar að fá viðurkenndar útlínur alls landsins okkar í deiliskipulagi eða hins vegar að skipuleggja lóðir fyrir hvert hús og mögulega tvær lóðir til viðbótar. Til að slíkt sé mögulegt þarf að skipuleggja landið samkvæmt nánari útfærslu á aðalskipulagi fyrir afmarkað svæði eða reit, svokölluðu deiliskipulagi. Með því að láta deiliskipuleggja landið, skipta því upp í lóðir þá yrðum við í betri stöðu að selja hvert hús og lóðir. Kostnaður við þó að slíkt skipulagsferli hafi í för með sér ákveðinn kostnað. Stjórnin samþykkti að hefja vinnu við að koma landinu í deiliskipulag, þannig að hver lóð verði afmörkuð með sínu landnúmeri. Kostnaður við deiliskipulagið er áætlaður af Eflu 2,0 til 2.850.000 krónur. Bent var á að almenna viðmiðið er að hver lóð sé um 0,5 hektarar að stærð, þó að í nágrenninu séu víða minni lóðir í kringum bústaði og ljóst að lóðir hvers húss okkar verða minni.

3. Styrkir og auglýsingar – ákvörðun um samtals upphæð 2026

Rætt hefur verið að ákveða ákveðna upphæð í auglýsingar, styrki, golfmót, gjafir og fleira. ÁS sýndi upphæðir undanfarin ár og kemur með tillögu að upphæðum á næsta fund, þá liggur fyrir kostnaður þessara þátta á árinu 2025.

4. Breyting á sjúkradagpeningum og styrkjum

Tillaga stjórnar styrktar og sjúkrasjóðs (ÁS, Jóna Brynja og Pálmi Gauti) varðandi breytingar á reglugerð sjóðsins, ÁS, Jóna Brynja og Pálmi fóru yfir málið og útskýrðu. Stærsta breytingin er að hámarks upphæð sjúkradagpeninga sem er í dag kauptrygging skipstjóra á fiskiskipi 964.465 kr/mánuði verður framvegis 90% af meðallaunum síðustu 6 mánaða og verður greidd í 120 daga, en heimilt að lengja tímabilið í hámark 180 daga. Hámarksupphæð sjúkradagpeninga verður 1.500.000 kr. á mánuði. Stjórnin samþykkti samhljóða breytinguna. Þá samþykkti stjórnin einnig tillögur um hækkun styrkja, hámark gleraugnastyrks verður 110.000 kr. heyrnartækjastyrkur 315.000 pr/tæki, sjúkrakostnaðar 84.000 og útfararstyrkur vegna starfandi félagsmanns sem fellur frá verði 1.050.000 kr. og þess sem er ekki lengur starfandi 575.000 kr.

5. Páskaútleiga orlofskosta og breyttar úthlutunarreglur

Jóna Brynja kynnti fyrirhugaðar breytingar sem stjórnin hefur rætt, þ.e. að sami félagsmaður geti ekki leigt ár eftir ár um Páska td. Orlofskerfið býður einungis upp á að sama regla gildi fyrir alla orlofskosti. Þannig að nú verður sú breyting að ef félagsmaður hefur leigt um Páska, þá getur hann ekki leigt um Páska aftur fyrr en eftir þrjú ár. Þetta er í samræmi við reglur hjá öðrum stéttarfélögum.

6. Ákvörðun um upphæðir á leigugreiðslum fyrir orlofshús

Jóna Brynja fór yfir gjaldskrá sumarhúsa og íbúða, en gjaldskrá íbúða er til dæmis þannig að nóttin kostar 9.000 kr. og við það bætist 10.000 kr. þrifgjald. Lágmarksupphæð er 28.000 kr. Ákveðið að skoða hvort þörf sé á hækkun fyrir opnun á sumarleigur verður þann 1. mars nk.

Félagið á núna 6 íbúðir í Reykjavík og 4 íbúðir á Akureyri. Þá á félagið samtals 9 sumarhús (4 á Laugarvatni, 1 í Brekkuskógi, 1 í Úlfstaðaskógi, 1 í Fnjókadal, 1 í Skorradal og 1 í Hlíðarfjalli á Akureyri).

7. Önnur mál

Heimir lagði fram þá hugmynd að skoða hvort hægt væri að setja sérstakan lið inn í kjarasamninga sjómanna, sérstaklega til að hvetja unga og óvana menn til að leggja fyrir sig störf á sjó. Hugmyndin gengur út á að ungt fólk sem vill fara til sjós geti hafið störf á hálfum nýliðahlut (0,5 hlut). Þrátt fyrir mikla þörf á nýliðun hefur reynst erfitt að fá unga menn til starfa í greininni.

Jafnframt yrði möguleiki á að ræða aðrar leiðir, svo sem kauptryggingu eða að snúa aftur í 0,5 hlut eftir aðstæðum. Pálmi Gauti leggur til að skoðað verði hvort

koma megi á fót skóla fyrir nýliða, meðal annars um borð í skipum. Slíkt fyrirkomulag gæti stutt þessa nálgun og hjálpað til við að efla nýliðun sjómanna.

Að auki gætu nýliðar fengið fræðslu um meðferð fisks í landi, til dæmis í fiskvinnslum, sem og um ýmis önnur verkefni tengd fiskveiðum og sjávarútvegi. Þetta gæti hjálpað til við að vekja áhuga ungs fólks á að velja þessa starfsleið og jafnframt dregið úr þeim skorti sem víða er á ungu fólki sem vill fara til sjós. Stjórnarmenn tóku vel í að skoða þessar hugmyndir, ÁS ræðir við Valmund hjá Sjómannasambandinu.

Pálmi Gauti sýndi myndir (súlurit) af því hvernig fiskur sem veiddur er á Kaldbak er flokkaður eftir tegundum og stærðarflokkaður nákvæmt innan hvernar tegundar. Þessi gögn hafa verið boðin Hafrannsóknastofnun til afnota, en hún ekki viljað fá þau. ÁS ætlar að kynna málið í ráðgjafanefnd Hafró og spyrjast fyrir um notkun þeirra á slíkum gögnum frá fiskiskipum og fiskvinnsluhúsum. ÁS sagðist hafa sent ráðgjafarnefnd Hafró tölvupóst með áskorun um að Hafró viðurkenndi nauðsyn hvalveiða vegna afráns þeirra á Íslandsmiðum og stjórnlausrar fjölgunar þeirra. Þá ítrekaði ÁS einnig hugmynd okkar um að settur verði á stofn hópur skipstjóra og hagsmunaaðila til að rýna ráðgjöf Hafró.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.14:15.



Árni Sverrisson formaður


Páll Egir Pétursson fundarritari

